

Fimmtudaginn 4. febrúar 1993.

Nr. 422/1992.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
 gegn

G

(Örn Clausen hrl.),

E

(Guðni Haraldsson hrl.),

H

(Kristján Stefánsson hrl.)

og **V**

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Kynferðisbrot. Nauðgun. Þjófnaður. Nytjastuldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. nóvember 1992 „... einvörðungu til endurskoðunar refsíákvörðunar og þyngingar viðurlaga ...“. Ákærðu undu héraðsdómi og hafa gert þær kröfur fyrir Hæstarétti, að hann verði staðfestur.

Þar sem málinu er samkvæmt framansögðu einungis áfrýjað til endurskoðunar refsíákvörðunar, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, er sakarmat héraðsdómara ekki til endurskoðunar.

Atferli ákærðu er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt honum hefur ákærði G unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ákærði E, H og V samkvæmt sömu grein, sbr. 1. mgr. 22. gr., og samkvæmt 209. gr. sömu laga, en ákærði E auk þess samkvæmt 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. og ákærði V samkvæmt 244. gr. sömu laga. Það athugist, að með 2. og 15. gr. laga nr. 40/1992, sem tóku gildi 26. maí 1992, var ákvæðum 194. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga breytt, og ber að hafa hliðsjón af því í samræmi við 2. gr. laganna.

Ákærðu verða allir taldir sakhæfir.

Við ákvörðun refsingar ber að líta til ungs aldurs ákærðu, sbr. 4. tölulið 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar verður að hafa hliðsjón af því, að ákærðu stóðu í sameiningu að þeirri svívirðilegu háttsemi gagnvart 14 ára gamalli stúlku, sem lýst er í héraðsdómi, og horfir það refsingu til þyngingar, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Að þessu athuguðu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin þannig, að ákærði G sæti fangelsi 18 mánuði, ákærðu E og V sæti fangelsi 16 mánuði og ákærði H sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði G sæti fangelsi 18 mánuði.

Ákærði E sæti fangelsi 16 mánuði.

Ákærði H sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði V sæti fangelsi 16 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði áfrýjunarkostnað óskipt, þar með talin sak-sóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur. Þá greiði ákærðu skipuðum verjendum sínum, hæstaréttarlögmönnunum Erni Clausen, Guðna Á. Haraldssyni, Kristjáni Stefánsyni og Hrafnkeli Ásgeirssyni, 40.000 krónur hverjum fyrir sig.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 10. september 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 10. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. H 1574-1577/1991: Ákærvaldið gegn G, E, H og V.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. ágúst sl., er með ákæruskjölum ríkis-saksóknara, dags. 4. júní, 26. júní og 24. nóvember 1991, höfðað gegn G, E, H og V.

I. Allir ákærðu.

Skírlífisbrot gagnvart stúlkunni M. S., fæddri 1976, mánudaginn 3. desember 1990 milli kl. 16.00 og 17.00, í svefnherbergi foreldra hennar [...], svo sem nú verður lýst.

1. Ákærða G er gefið að sök að hafa þröngvað stúlkunni til holdlegs samræðis með ofbeldi og með aðstoð meðákærðu og ósakhæfs pilts, sem tóku þátt í að færa stúlkuna úr fötum og héldu höndum hennar og fótleggjum, meðan á samræði stóð. Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærðu E, H og V er gefið að sök að hafa aðstoðað ákærða G, svo sem að framan er lýst, og einnig að hafa áður lagst ofan á stúlkuna. Þá er þessum ákærðu gefið að sök að hafa, meðan þessir atburðir áttu sér stað, fækkað fötum og handleikið kynfæri sín.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. og 209. gr. almennra hegningarlaga.

II. Ákærði E einn.

1. Fyrir nytjastuld með því að aka þriðjudaginn 23. október 1990 í heimildarleysi léttbifhjólínu G-392 frá versluninni Fjarðarkaupum við Hólsbraun í Hafnarfirði upp í Heiðmörk og þaðan á ný nokkrum dögum síðar að Iðnskólanum í Hafnarfirði. Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956.

2. Fyrir þjófnað með því að stela af hjólinu í Heiðmörk í ofangreint sinn skráningarmerki, hlífum af bensíntanki, hnakki og handföngum, frambremsubarka og frambremsuhandfangi, ljósrofa, rafgeymi, afturljósi og tveimur þúströrum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærði V einn.

Fyrir þjófnað með því að hafa um mánaðamót apríl-maí 1991 stolið vélhjól af gerðinni Yamaha, YZ-259, við vélhjólabraut á Kjávöllum í Kópavogi.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist, að ákærði V greiði skaðabætur vegna atferlisins í III. kafla.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna.

[Ákærði G hefur sætt refsidómi fyrir nytjastuld og umferðarbrot og sæst á sektir fyrir líkamsárás og fyrir umferðarbrot.

Ákærði H hefur tvisvar sæst á sektargreiðslu fyrir umferðarlagabrot og einu sinni fyrir brot gegn lögum um ávana- og fikniefni.

Ákærði V hefur einu sinni sæst á greiðslu sektar fyrir umferðarlagabrot.

Ákærði E hefur ekki sætt refsingu.]

I. *Skírlífisbrot.*

Í málinu verður að telja ljóst, að ákærðu ryðjast í framangreint sinn inn á heimili kæranda og sýna henni þar mikinn yfirgang. Þó að segja megi, að kærandi hefði getað látið andstöðu sína í ljós með harkalegri viðbrögðum, er ljóst, að kynferðislegir tilburðir ákærðu gagnvart henni voru gegn vilja hennar og að ákærði G þröngvar henni til samfara við sig með valdbeitingu og nýtur í því aðstoðar ákærðu E og V, sem halda fótum kæranda í sundur, og einnig Ó, sem hélt höndunum, en hins vegar er ósannað, að ákærði H hafi tekið þátt í valdbeitingunni, en hins vegar þykir hann hafa veitt aðstoð með því að eiga þátt í að færa kæranda úr fötunum, áður en ákærði G hafði samfarir við kæranda. Þá beruðu ákærðu nema G kynfæri sín og fitluðu við þau í viðurvist kæranda. Þykja ákærðu sannir að sökum þeim, sem þeir eru bornir í ákæru, dags. 26. 6. 1991, og hafa gerst brotlegir við þargreind refsíákvæði, sem eru rétt færð til laga.

II. *Ákærði E einn.*

Ákærði E hefur viðurkennt að hafa tekið í heimildarleysi léttbifhjólíð G-392 við verslunina Fjarðarkaup í Hafnarfirði og svo ekið því sem greinir í ákæru, dags. 4. júní 1991, og jafnframt að stela af því, þar sem hann geymdi það í Heiðmörk, þeim hlutum, sem greindir eru í 2. lið sömu ákæru.

Hefur ákærði með þessum verknuðum gerst brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956, og 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. *Ákærði V.*

Ákærði V hefur viðurkennt að hafa í apríl-maí 1991 tekið vélhjól af gerðinni Yamaha, YZ-259, við vélhjólabraut á Kjóavöllum í Kópavogi, þar sem það var bensínlaust, og svo ekið því austur í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og ætlað að eignast sér það, svo sem lýst er í ákæruskjali, dags. 28. 4. 1991. Hér var um torfæruhjól að ræða, sem var óskráð. Ekki fer milli mála, þó að hjól þetta hafi verið yfirgefið á þessum stað vegna bensínleysis, að ákærða mátti vera ljóst, að það var engan veginn úr vörslu eiganda, né gat ætlað, að því hefði verið fleygt.

Með því að eignast sér framangreint vélhjól hefur hann gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

IV. *Refsingar o. fl.*

Í málinu hafa verið lagðar fram greinargerðir Trausta Valssonar, skóla-sálfræðings Garðaskóla, um afskipti þau, sem hann varð að hafa af ákærðu H og E á skólaárum þeirra og um greindarpröfun, sem hann gerði á þeim.

Ákærða H hafði hann greindarprófað tvívegis, og var síðari prófunin í nóvember 1989, og reyndist þá heildargreindarvísitala hans vera 85 stig samkvæmt prófi Wechslers. Ákærði E hafði verið greindarprófaður þrívegis, síðast í febrúar 1988, og mældist þá heildargreindarvísitala hans 70 stig og var þá talin við neðri mörk tornæmis. Báðir höfðu ákærðu átt í námserfiðleikum í skóla og nutu sérstakrar námsaðstoðar í grunn-skóla.

H hafði eingöngu verið í sérkennslu síðasta ár sitt í skóla, en var rekinn úr skóla fyrir ofbeldi, eftir að hann hafði barið tvo nemendur í skjóli eða með hjálp annarra. Fram kom, að E hafði dregist aftur úr í almennri bekkjarkennslu, og þrátt fyrir mikla námsaðstoð var hann illa læs og nánast óskrifandi 14 ára gamall.

Hinn 26. maí sl. gerði Gylfi Ásmundsson sálfræðingur greindarmat á ákærða E, og segir svo í niðurstöðu skýrslu sálfræðingsins:

„Gert er greindarmat á E vegna ákæru um hlutdeild í nauðgun og með tilliti til þess, hvort refsing sé líkleg til að bera árangur vegna vanþroska hans. Á almennu greindarprófi mælist E á mörkum þess að vera vangefinn (borderline defective) með greindarvísitölu 73. Mælingunni ber mjög vel saman við samanburðarpróf og fyrri greindarmælingu með öðru prófi fyrir fjórum árum og má því teljast áreiðanleg. Enda þótt E sé ekki vangefinn samkvæmt strangri skilgreiningu, tel ég refsingu ólíklega til að bera jákvæðan árangur, nema síður væri, enda eru hugsun hans, dómgreind og félagsþroski undir efri mörkum vangefni.“

Þrátt fyrir þetta mat verður ekki útilokað, að refsing geti komið að gagni gagnvart ákærða E.

Þegar virt er, hve ungir allir ákærðu eru, þykir rétt með vísun til 2. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga að færa refsingu þeirra nokkuð niður fyrir lágmarksrefsingu þá, sem getur í 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing ákærðu samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga, að því er varðar aðra ákærðu en G, en 78. gr., að því er hann varðar, hæfilega ákveðin þannig, að ákærði G sæti fangelsi í átta mánuði, ákærði E sæti fangelsi í fimm mánuði, ákærði H sæti fangelsi í fjóra mánuði og ákærði V sæti fangelsi í sex mánuði.

Eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingar ákærðu, og niður skal hún falla hjá hverjum þeirra um sig að liðnum tveimur árum, haldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga og sérstakt skilorð skv. 1. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. lög nr. 22, 1955.

— — —

Dæma ber ákærðu til að greiða verjanda sínum málsvarnarlaun, sem ákveðast fyrir hvern þeirra um sig 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, sem ákveðst 130.000 kr., ber ákærðu að greiða óskipt saman.

D ó m s o r ð:

Ákærði G sæti fangelsi í átta mánuði.

Ákærði E sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði H sæti fangelsi í fjóra mánuði.

Ákærði V sæti fangelsi í sex mánuði.

Fullnustu þessara refsinga skal frestað, og niður skal hún falla hjá hverjum ákærðu um sig að liðnum tveimur árum, haldi hann almennt skilorð samkv. 57. gr. og sérstakt skilorð samkv. 3. mgr. 1. tl. sömu greinar almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Bótakröfu Ingólfs Stefánssonar, Látraseli 8, Reykjavík, er vísað frá dómi.

Ákærði G greiði verjanda sínum, Gísla Gíslasyni hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði E greiði verjanda sínum, Skúla Bjarnasyni hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði H greiði verjanda sínum, Guðmundi Kristjánssyni hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærði V greiði verjanda sínum, Péttri Kjerúlfi hdl., 130.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Ákærðu greiði óskipt saman allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 130.000 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
